# SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR - ÁRNES - DEILISKIPULAGSBREYTING




Deiliskipulag fyrir breytingu - mkv. 1:2000




Deiliskipulag eftir breytingu - mkv. 1:2000

**GREINARGERÐ**

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skv. 1.mgr. 43. gr skipulagslaga. Upphaflegt skipulag er frá 2002 og síðan þá hafa verið gerðar nokkrar breytingar og m.a. hafa dsk.mörk breyst. Núverandi skipulagsmörk ná til þess hluta af þéttbýlinu sem er norðan við þjóðveg. Meðfylgjandi breyting nær til þess hluta reitsins sem byggður er frá Heiðargerði að tjaldsvæði. Skilmálar eru birtir í heild sinni og eru eldri skilmálar felldir inn í nýja skilmála og sýndir einnig í töflu.

Forsendur breytingar:

Að undanförnu hefur verið unnið að uppmælingu og gerð nýrra lóðablaða, við það kom í ljós að lóðarmörk og lega gatna í raun, var frábrugðin skipulagsgrunninum. Smávægileg stefnubreyting varð á götunum Hamra- og Heiðargerði við hönnun þeirra fyrir malbikun. Af þeim sökum breytast lóðastærðir lítillega frá því sem var á síðasta skipulagi (sjá töflu). Einnig er gangstétt sem hafði verið gert ráð fyrir við vestanverða götuna í Heiðargerði færð austur fyrir götuna.

Umferðarflæði kringum skólann hefur verið endurskoðað og einnig gönguleiðir og gangbrautir, til að auka öryggi gangandi vegfarenda. Lagt er til að gerðar verði hraðahindranir á tveimur stöðum. Aðkoma og bílastæði að Þjórsárskóla eru afmörkuð með eyju og akstursleiðum inn og út þannig að bílastæði er ekki eins opið og það var. Einnig er gert ráð fyrir afmarkaðri gönguleið yfir eyjuna með gangbrautum til að aðgreina bílaumferð og gangandi.

Vegna aukinnar eftirspurnar eftir lóðum fyrir minni íbúðir er tveim lóðum breytt. Annarsvegar er um að ræða Hamragerði 1 sem breytt er í parhúsalóð og hinsvegar er Heiðargerði 1, breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð.

Kvaðir eru settar á nokkrum lóðum vegna lagnaleiða sem hafa verið mældar upp og kortlagðar af tæknideild sveitarfélagsins.

Markmiðið með breytingunni er að laga skipulagsgrunninn til samræmis við raunveruleg lóðamörk skv. nýrri mælingu lóða og gatna innan þéttbýlisins í Árnesi. Nokkur eftirspurn er eftir lóðum undir par- og raðhús, en minni eftir stórum einbýlishúsalóðum. Nokkrar einbýlishúsalóðir eru því skoðaðar með það í huga og breytt í lóðir fyrir minni íbúðir.

Deiliskipulagsbreyting þessi er í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, en þar koma fram reitir fyrir íbúðarbyggð, verslun- og þjónustu og stofnanir.

Helstu breytingar:

a) Lóðarmörk við Heiðargerði og Hamragerði breytast til samræmis við mælingu og við það breytast einnig lóðarstærðir
b) Lega gatnanna Hamragerði og Heiðargerði breytist lítillega skv. hönnun
c) Byggingareitir á lóðum við Hamra- og Heiðargerði breytast
d) Gangstétt er færð austur fyrir Heiðargerði og ný gönguleið þvert á milli Heiðargerðis og Hamragerðis búin til
e) Gönguleiðir breytast lítillega, nýjar gangbrautir yfir Skólabraut.
f) Lóðinni Hamragerði 1 er breytt í parhúsalóð
g) Lóðinni Heiðargerði 1 er breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð
h) Settar eru kvaðir um lagnir á lóðum
h) Bílastæði og aðkoma við Þjórsárskóla
i) Byggingareitir fyrir gistiýsi vestan við tjaldsvæði detta út
j) Uppsetning skilmála breytist

Nýtingahlutfall og hæðir húsa kemur fram á uppdrætti.

**SKILMÁLAR:**

Öll hús sem byggð verða skulu falla að þeim byggingareit sem markaður er í deiliskipulagi. Nýtingarhultufall og leyfileg hæð bygginga er sýnt á uppdrætti.

Íbúðarlóðir

1. Heimilt er að byggja íbúðarhús á einni hæð ásamt bílskúr, sambyggðan eða stakan. Húsagerð er frjáls
2. Mænishæð má vera allt að 5m mælt frá gólfplötu í mæni.
3. Að minnsta kosti tvö bílastæði skulu vera innan lóðamarka íbúðalóða.

Þjónustulóðir (VÞ) og Stofnanalóðir

4. Hæðir bygginga og nýtingarhlutfall sjá uppdrátt.
5. Gólfkóti jarðhæðar lóðarinnar Nónsteins skal taka mið af gólfhæð núverandi byggingar. Neðsta hæðin getur að hluta til verið niðurgrafin og mesta mænishæð má vera allt að 12m. Byggingar skulu falla vel að landinu og þeim hæðamun sem er syðst og nyrst á lóð.

Kvaðir

6. Kvöð er um lagnaleið á lóðunum Hamragerði 2, 4, 6, 8, 10, 12 og Heiðargerði 9
7. Kvöð er um aðkomu að lóð spennistöðvar frá tjaldsvæði
8. Kvöð er um aðkomu að Neslaug og sameiginleg bílastæði við Nónstein
9. Kvöð er um sameiginlega aðkomu á lóðinni Bugðugerði 3

Öll mannvirki skulu staðsett innan byggingareits og byggingar skulu vera úr viðurkenndum byggingarefnum skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Skýringar:

- Mörk deiliskipulags
- Byggingarreitur
- Núv. byggingar
- Lóðamörk
- Millilína á lóð - leiðbeinandi
- Akvegur og bílastæði
- Bílastæði
- Gangstéttar og stígar
- Reiðleið
- Útivistarsvæði
- Kvöð um aðkomu
- Kvöð um lagnaleið
- Gangbraut
- Hraðahindrun
- Undirgöng
- Trjágróður til skýringar




Yfirlitsmynd - ekki í kvarða

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 31.8.2017 til 1.11.2017 var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 20.02.2019

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann____________________




Aðalskipulag þéttbýlisuppdráttur fyrir Árnes 2004-2016 e.br.
ekki í kvarða

**Stærðir lóða innan deiliskipulagsreits í þéttbýlinu í Árnesi**

**Norðan vegar nr. 32**

| gata heiti | hús nr. | stærð skv dlsk. m² | stærð eftir br. m² | land-notkun |
|---|---|---|---|---|
| Bugðugerði | 1 | 1.637 | | einbýli |
| Bugðugerði | 2 | 1.202 | | parh |
| Bugðugerði | 3 | 1.493 | | raðh |
| Bugðugerði | 4 | 1.328 | | parh |
| Bugðugerði | 5 | 1.133 | | parh |
| Bugðugerði | 6 | 1.390 | | parh |
| Bugðugerði | 7 | 1.107 | | parh |
| Bugðugerði | 9 | 1.057 | | raðh |
| Skólabraut | 1 | 1.102 | | parh |
| Skólabraut | 2 | 2.465 | | íþróttahús |
| Skólabraut | 3 | 1.026 | | parh |
| Skólabraut | 5 | 1.325 | | raðh |
| Hamragerði | 1 | 1.155 | 1.017 | parh |
| Hamragerði | 2 | 1.103 | 1.129 | einbýli |
| Hamragerði | 3 | 1.173 | 1.133 | einbýli |
| Hamragerði | 4 | 1.031 | 1.064 | einbýli |
| Hamragerði | 5 | 1.165 | 1.134 | einbýli |
| Hamragerði | 6 | 1.036 | 1.092 | einbýli |
| Hamragerði | 7 | 1.205 | 1.180 | einbýli |
| Hamragerði | 8 | 1.050 | 1.060 | einbýli |
| Hamragerði | 9 | 1.088 | 1.090 | einbýli |
| Hamragerði | 10 | 1.066 | 1.077 | einbýli |
| Hamragerði | 11 | 1.273 | 1.298 | einbýli |
| Hamragerði | 12 | 1.074 | 1.079 | einbýli |
| Hamragerði | 14 | 1.156 | 1.440 | einbýli |
| Heiðargerði | 1 | 1.992 | 1.792 | raðh |
| Heiðargerði | 3 | 2.055 | 2.003 | einbýli |
| Heiðargerði | 5 | 2.007 | 1.950 | einbýli |
| Heiðargerði | 7 | 1.995 | 1.960 | einbýli |
| Heiðargerði | 9 | 1.739 | 1.621 | einbýli |
| Heiðargerði | 11 | 1.709 | 1.936 | einbýli |
| Spennistöð | | 56 | | tengivirki |
| Fjarskiptalóð | | 200 | | versl-þjón |
| Árnes | | 8.990 | | versl-þjón |
| Árborg verslun | | 2.858 | | versl-þjón |
| Þjórsárskóli | | 8.535 | | samfélagsþj |
| Skólabraut 2 | | 2.465 | | samfélagsþj |
| Neslaug | | 1.640 | | versl-þjón |
| Nónsteinn | | 4.446 | | versl-þjón |
| Íþróttavöllur | | 16.917 | | opið svæði |
| Tjaldsvæði | | 32.705 | | opið svæði |

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á uppréttri loftmynd frá Loftmyndum ehf.

HEITI VERKS:
SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR
ÁRNES

HEITI TEIKNINGAR:
DEILISKIPULAGSBREYTING

| VERKNR: | MKV: | TEIKNING NR: |
|---|---|---|
| 219-001 | 1:2000 í A1 | |
| TEIKNAÐ AF: gg | HANNAÐ AF: | DAGS. TEIKN: 6. febrúar 2019 |
| YFIRL. / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: |


LANDFORM ehf
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
AUSTURVEGI 6 800 SELFOSS sími: 482 4090 faxnr: 482 3542
netfang: landform@landform.is veffang: www.landform.is